

**Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2023****SAGA2HI05**

Kennari	Atli Þorsteinsson, atli.thorsteinsson@fss.is	
Viðtalstími	Föstudagur kl. 9:20 – 10:00	
Námsefni	Námsefni frá kennara og er það inni á kennslusíðu áfangans. <u>Kennslusíða áfangans</u>	
Áfangalýsing	Áfanginn er inngangsáfangi í sögu á öðru þrepi og er skylda á Félagsvísindabraut. Nauðsynlegur undanfari fyrir alla aðra söguáfanga hvort sem þeir eru á öðru eða þriðja stigi. Viðfangsefni áfangans að þessu sinni er saga mannkyns frá 1850 til aldamóta 2000. Nánast öll vinna áfangans fer fram í kennslustundum. Því er gríðarlega mikilvægt fyrir nemendur að mæta í allar kennslustundir.	

Námsmat og vægi námsmatsþátta			
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐	Sleppikerfi ☐
	Heiti		Vægi
	Verkefni		45%
	Próf		50%
	Heimasíða		5%

Reglur áfanga	Nemendur verða að koma með fartölvu í hverja kennslustund og heyrnatól. Nemendur verða að átta sig á því að það sem ekki er gert á réttum tíma verður ekki gert - Nemandi sem missir af kennslustund getur ekki unnið upp verkefni sem átti að skila í þeirri kennslustund. - Nemandi sem missir af hlutaprófi getur ekki tekið upp prófið síðar. Nemandi ber ábyrgð á að verkefni komist til skila. Bilun í tölvum eða tæknibúnaði eru ekki gild afsökun. Eftir að lokað hefur verið fyrir verkefnaskil í moodle er ekki hægt að skila verkefnum.
----------------------	--

Annað sem kennari vill láta koma fram	Hvatt er til þess að nemendur leggi síma frá sér í tíma og einbeiti sér að verkefnavinnu og því að fylgjast með. Símar eru ekki bannaðir en hins vegar er höfðað til ábyrgðar nemanda að stýra símanotkun sinni í tímum þannig að þeir trufla ekki nám eða kennslustundina.
--	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • breytingum sem hafa orðið á hugmyndum um þjóðríkið á tímabilinu • ástæðum og afleiðingum heimstýrjaldanna tveggja á mannkynssöguna • hugmyndum íhaldsstefnunnar, frjálslyndisstefnunnar og sósíalismsans • orsökum og afleiðingum stofnunar Sovétríkjanna • orsökum og afleiðingum Kalda stríðsins	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • vinna með staðreyndir og kenningar • beita grundvallarvinnubrögðum í heimildarýni og heimildaleit • temja sér öguð vinnubrögð og nota ýmsar aðferðir til að leysa verkefni sín
Hæfni Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • setja fram skoðanir sínar í riti, ræðu eða öðru formi • geta borið saman atburði og finna orsakasambönd á milli þeirra • unnið með frumheimildir	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 3 tímar x 20 mín	16 klst.
Undirbúningur f. próf	2 x 8 klst.	16 klst.
Heimildaverkefni	15 klst.	15 klst.
Alls		111 klst. = 5 fein*

*Viðmið um fjölda eininga	
Einingar	Tímafjöldi í vinnu meðalnemanda í áfanga
1 fein	18 - 24 klst.
2 fein	36 - 48 klst.
3 fein	54 - 72 klst.
4 fein	72 - 96 klst.
5 fein	90 - 120 klst.

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 5. - 8. janúar	Inngangur og kynning	
2. vika 9. - 15. janúar	Evrópa á árunum 1850 til 1914	Verkefnaskil
3. vika 16. - 22. janúar	Heimsvalda- og nýlendustefna	Verkefnaskil Próf 1
4. vika 23. - 29. janúar	Heimstýrjöldin fyrri	Verkefnaskil
5. vika 30. janúar - 5. febrúar	Sovétríkin verða til	Verkefnaskil Próf 2
6. vika 6. - 12. febrúar	Bandaríkin verða stórveldi	Verkefnaskil
7. vika 13. - 19. febrúar	Fasismi og nasismi	Verkefnaskil Próf 3
8. vika 20. - 26. febrúar	Heimstýrjöldin síðari	Verkefnaskil
9. vika 27. febrúar - 5. mars	Kalt stríð	Verkefnaskil
10. vika 6. - 12. mars <i>Miðannamat</i>	Kalt stríð	Skil á heimildaverkefni 10. mars Próf 4
11. vika 13. - 19. mars	Bandaríkin frá 1945 til 2000	Verkefnaskil
12. vika 20. - 26. mars	Sovétríkin frá 1945 til 1991	Verkefnaskil Próf 5
13. vika 27. mars - 2. apríl <i>Starfshlaup - Páskafrí</i>	Evrópa eftir 1945	Verkefnaskil
14. vika 11. - 16. apríl	Evrópa eftir 1945	Verkefnaskil Próf 6
15. vika 17. - 23. apríl <i>Sumardagurinn fyrsti</i>	Nýlendur fá sjálfstæði	Verkefnaskil
16. vika 24. - 30. apríl	Nýlendur fá sjálfstæði	Verkefnaskil
17. vika 1. - 7. maí	Alþjóðasamstarf	Verkefnaskil Próf 7
18. vika 8. - 10. maí	Upprifjun og yfirlitspróf	Upprifjun Yfirlitspróf 20%

*Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf,
Atli Þorsteinsson*